



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14.4.2025
Málsnúmer: 202503-0065
IAS

Efni: Grjótnáma á Syðra-Langholti. Matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 19. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um grjótnámu á Syðra-Langholti, matskyldufyrirspurn.

Eigendur Fögrusteina ehf. hafa hug á að stækka grjótnámu á landi sínu sem er í gildandi aðalskipulagi merkt E31 (Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032). Stækkun námusvæðisins er nauðsynleg vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi, þar á meðal lagningar vegar og brúar yfir Þjórsá, sem og rofvarna í tengslum við brúna.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimiluð stærð grjótnámu Syðra-Langholts 45.000 m² og heimiluð efnistaka 45.000 m³. Í dag er stærð efnistökusvæðisins samkvæmt deiliskipulagi 9.000 m² og vinnslumagn þess 45.000 m³. Fyrirhugað er að stækka námusvæðið í 2,4 ha og auka efnistöku um 93.000 m³ þannig að heildar efnistaka fyrir námuna yrði 138.000 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðir á svæðinu aðallega tún og akurlendi en einnig er í nágrenninu skráð víðkjarrvist, með mjög hátt verndargildi, og lyngmóavist á láglendi, með hátt verndargildi. Náman er ekki líkleg til að hafa áhrif á þessar vistgerðir en þess ber að geta að vistgerðakortið er ónákvæmt í þessum mælikvarða.

Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að „framkvæmdaraðili kemur til með að haga frágangi á þann hátt að náman valdi ekki mikilli röskun á umhverfinu og falli vel að landinu að frágangi loknum. Efnistökusvæðið verður jafnað út á þann hátt að það viðhaldi nokkurn vegin náttúrulegum breytileika. Jarðvegur sem er ofan á jarðgrunninum verður nýttur til yfirbreiðslu að efnistöku lokinni.“

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurninni er náman innan mikilvæga fuglasvæðisins: „Suðurlandsundirlendi“ en náman nær að mestu yfir tún og akurlendi og gæti því haft tímabundin áhrif á fugla sem nýta sér tún á fartíma, t.d. grágæsir og álfir.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur